

Föstudaginn 9. febrúar 1996.

Nr. 58/1996.

Kreditkort hf.

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

gegn

Elísabetu Gunnarsdóttur

(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Fjárnám að hluta fellt úr gildi. Kaupmáli. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. febrúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 1996, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að fellt yrði úr gildi fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði 14. ágúst 1995 samkvæmt beiðni sóknaraðila hjá Júlíusi P. Guðjónssyni. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að fyrrgreint fjárnám verði staðfest og varnaraðili dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í málinu leitar varnaraðili ógildingar á fyrrnefndu fjárnámi sem eiginkona gerðarpóla, Júlíusar P. Guðjónssonar. Hún reisir þá kröfu aðallega á því, að hún sé eigandi munanna, sem fjárnám var gert í. Með vísan til 1. mgr. 92. gr., sbr. 28. gr. laga nr. 90/1989, verður varnaraðila talið heimilt að leita úrlausnar um kröfu sína á þessum grunni, þótt hún hafi ekki sjálf verið aðili að fjárnámsgerðinni.

Fjárnámið fyrir kröfu sóknaraðila var gert í píanói af gerðinni Wolfram og sex málverkum á heimili varnaraðila og gerðarpóla. Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, eru þrjú málverkanna eftir Pétur Friðrik, eitt af Vífilfelli, annað af blómauppstillingu og hið þriðja landslagsmynd, en öll eru þetta olíumálverk. Tvö málverk eru í fjárnámsgerðinni sögð vera „landslagsmyndir eftir I. K. Jónson“, en sjötta málverkið er auðkennt sem olíumálverk af rekaviði eftir Baltasar. Varnaraðili vísar um eignarrétt sinn yfir tveimur fyrstnefndu málverkunum eftir Pétur Friðrik, landslagsmyndunum

tveimur og píanóinu til þess, að hún hafi fengið þessa muni að gjöf frá tilteknum ættingjum sínum. Um þriðja málverkið eftir Pétur Friðrik og síðastnefnda verkið eftir Baltasar vísar varnaraðili um eignarrétt til ákvæðis í kaupmála sínum við Júlíus P. Guðjónsson frá 20. maí 1976. Þar er gerð að séreign hennar „húsbúnaður allur“ í þeirri fasteign, þar sem þau hjón halda heimili.

Fallist verður á þá niðurstöðu héraðsdómara, að varnaraðila hafi tekist að sýna nægilega fram á eignarrétt sinn að tveimur olíumálverkum eftir Pétur Friðrik, af Vífilsfelli og blómauppstillingu, svo og að umræddu píanói. Þá verður einnig fallist á það mat héraðsdómara, að varnaraðila hafi ekki tekist að sanna, að hún hafi fengið að gjöf frá ættingja tvær „landslagsmyndir eftir I. K. Jónsson“, sem svo eru nefndar.

Fyrirmæli í kaupmála varnaraðila og eiginmanns hennar, þar sem „húsbúnaður“ er gerður að séreign hennar, eru svo óákveðin, að þau koma henni ekki að haldi sem stoð fyrir eignarrétti yfir þeim málverkum, sem fjárnám var gert í og hún hefur ekki sannanlega eignast að gjöf samkvæmt framansögðu. Við fjárnámið var því rétt að líta svo á, að munir þessir, sem voru í sameiginlegum vörslum varnaraðila og gerðarpóla við gerðina, tilheyri hinum síðarnefnda í þeim skilningi, sem um ræðir í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 90/1989.

Með 1. mgr. 43. gr. laga nr. 90/1989 er lagt bann við, að fjárnám verði gert í lausafjármunum, sem geta talist nauðsynlegir til að halda látlaust heimili. Þótt fram komi í ákvæðinu, að sú nauðsyn geti jöfnum höndum varðað gerðarpóla og heimilismenn hans, verður ekki litið svo á, að það veiti heimilismanni gerðarpóla sjálfstæðan málsóknarrétt samkvæmt 1. mgr. 92. gr., sbr. 28. gr. laga nr. 90/1989, til að fá hnekk fjárnámi, sem gert væri í andstöðu við umrætt bann. Þar sem varnaraðili leitar ein ógildingar á fjárnáminu frá 14. ágúst 1995 í máli þessu, getur ekki komið til úrlausnar, hvort þar hafi verið brotið gegn fyrrgreindu ákvæði 1. mgr. 43. gr. laga nr. 90/1989.

Samkvæmt þessu verður krafa varnaraðila um ógildingu umræddrar fjárnámsgerðar tekin til greina, hvað varðar þá muni, sem teljast samkvæmt áðursögðu sannanlega í eigu hennar, en við gerðinni verður ekki raskað að öðru leyti. Er eftir atvikum rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík 14. ágúst 1995 hjá Júlíusi P. Guðjónssyni samkvæmt kröfu sóknaraðila, Kreditkorta hf., er felld úr gildi, að því er varðar fjárnám í olíumálverki af Vífilfelli og olíumálverki af blómauppstillingu, báðum eftir Pétur Friðrik, svo og píanói af gerðinni Wolfram.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 16. október sl. og tekið til úrskurðar öðru sinni 5. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Elísabet Gunnarsdóttir, kt. 301234-4659, Kvistalandi 19, Reykjavík.

Varnaraðili er Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1995/08123, sem fram fór á heimili sóknaraðila 14. ágúst 1995 að kröfu lögmanns varnaraðila, verði ógilt með úrskurði dómsins. Þá er krafist hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að ofangreind aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík frá 14. ágúst 1995 verði staðfest og sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins.

II.

Hinn 18. desember 1984 var gerð sátt í bæjarþingi Reykjavíkur milli varnaraðila og eiginmanns sóknaraðila, Júlíusar P. Guðjónssonar. Samkvæmt sáttinni skyldi Júlíus greiða varnaraðila skuld, að fjárhæð 233.078,11 kr., ásamt vöxtum og kostnaði. Að kröfu varnaraðila var 7. mars 1985 gert fjárnám hjá Júlíusi í bifreiðinni R-1323 til tryggingar kröfu varnaraðila.

Með bréfi 28. mars 1995 krafðist varnaraðili endurupptöku fyrrgreindrar fjárnámsgerðar með vísan til 6. mgr. 66. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Í málinu liggur fyrir endurrit úr gerðabók sýslumanns um fyrirtöku málsins á heimili gerðarþola, Júlíusar P. Guðjónssonar, að Kvistalandi 19 hér í borg 14. ágúst 1995. Samkvæmt endurritinu var sóknaraðili þar fyrir gerðarþola. Varð sóknaraðili ekki við áskorun um að greiða kröfu gerðarbeiðanda og kvað gerðarþola engar eignir eiga. Því var mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda og að kröfu hans gert fjárnám í eftirtöldum munum: 1) olíumálverki af Vífilfelli eftir Pétur Friðrik frá 1979, um 1 × 1 metri, 2) olíumálverki af blómaútstillingu, um 90 cm × 90 cm, eftir sama höfund, 3) olíumálverki, um

1 × 1 metri, landslagsmynd eftir sama, 4) – 5) tveimur landslagsmyndum eftir I. K. Jónsson, 6) olíumálverki af rekaviði, höfundarnafn ólæsilegt, ártal 1973, og 7) píanói, H. Wolfram. Gerðarþoli, sem þá var viðstaddur, kvað sóknaraðila eiga alla ofangreinda muni samkvæmt kaupmála milli hans og sóknaraðila, og áskildi gerðarþoli sér rétt til að bera gerðina undir héraðsdóm.

Með úrskurði dómsins 17. nóvember sl. var ofangreind fjárnámsgerð sjálfkrafa felld úr gildi á þeim grundvelli, að ekki hefðu verið nein lagaskilyrði til endurupptöku fjárnámsins frá 7. mars 1985 samkvæmt 51. gr. eldri aðfararlaga nr. 19/1887, er dómurinn taldi eiga að gilda um endurupptökuna, sbr. 105. gr. laga nr. 90/1989, þar eð ekki hefði verið gengið úr skugga um það með virðingargerð, hvort fjárnám hefði verið gert „fyrir fullri kröfu“ greint sinn. Öðrum haldbærum sönnunargögnum um verðmæti bifreiðarinnar væri ekki til að dreifa, og nauðungaruppboð hefði ekki farið fram til þess að staðreyna, hvort uppboðsandvirðið hrykki til fullnustu við kröfum varnaraðila. Úrskurð þennan kærði varnaraðili til Hæstaréttar og lagði þá fyrst fram gögn um, að nauðungaruppboð hefði farið fram á umræddri bifreið árið 1987, og hefði varnaraðili þá fengið greiddar 32.590 kr. inn á kröfuna. Voru því brostnar forsendur fyrir áðurnefndri niðurstöðu héraðsdóms, og með dómi Hæstaréttar 14. desember sl. var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim til munnlegs málflutnings.

III.

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess, að sóknaraðili og Júlíus P. Guðjónsson hafi gert með sér kaupmála 20. maí 1976. Samkvæmt kaupmála þessum skyldi m. a. allur húsbúnaður á heimili þeirra hjóna að Kvistalandi 19 hér í borg vera séreign sóknaraðila. Sóknaraðili sé eigandi umræddra lausafjármuna, sem fjárnám var gert í, og sé eignarhald sóknaraðila til komið sem hér segir:

1. Olíumálverk af Vífilfelli frá 1979 eftir Pétur Friðrik. Mynd þessi hafi verið í eigu Jóhönnu Gunnarsdóttur, systur sóknaraðila, og verið dánargjöf til sóknaraðila.

2. Hið sama eigi við og að ofan greinir um olíumálverk af blómaútstillingu eftir Pétur Friðrik.

3. Olíumálverk, landslagsmynd eftir Pétur Friðrik. Mynd þessa hafi gerðarþoli, Júlíus P. Guðjónsson, keypt á málverkauppboði hjá Lionsklúbbum Nirði árið 1966. Hafi myndin fallið í skaut sóknaraðila samkvæmt áðurnefndum kaupmála.

4. Landslagsmynd eftir I. K. Jónsson. Mynd þessa hafi faðir sóknaraðila, Gunnar Ólafsson, gefið henni árið 1986.

5. Landslagsmynd eftir I. K. Jónsson. Hið sama gildi um þessa mynd og myndina í 4. tl.

6. Olíumálverk af rekaviði eftir Baltasar frá 1973. Mynd þessa hafi gerðarþoli og sóknaraðili keypt á sýningu Baltasars árið 1974 og hún fallið í skaut sóknaraðila samkvæmt nefndum kaupmála.

7. H. Wolfram-píanó. Sóknaraðili kveður föður sinn hafa keypt píanóið árið 1967 og gefið henni það.

Um lagarök fyrir kröfu sinni um ógildingu nefndrar fjárnámsgerðar vísar sóknaraðili til 36. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Við munnlegan málflutning hélt lögmaður sóknaraðila því jafnframt fram, að krafa varnaraðila á hendur Júlíusi P. Guðjónssyni væri fyrnd, og þá kom einnig fram sú málsástæða, að endurupptaka fjárnámsins hefði verið óheimil hjá sýslumanni, þar sem á því tímamarki hefðu ekki legið fyrir gögn um uppboð á bifreiðinni R-1323 árið 1987.

Varnaraðili bendir á, að ofangreint lausafé, sem fjárnám var gert í, sé gilt aðfararandlag fyrir kröfum á hendur eiginmanni sóknaraðila. Hugtakið „húsbúnaður“ sé óskilgreint í kaupmála, og engin skrá fylgi honum um lausafé, sem verði séreign sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir staðhæfingum sóknaraðila um, hvernig eignarhaldi á greindu lausafé sé háttað, og telur það hjúskapareign. Þá mótmælir varnaraðili sérstaklega lagagildi yfirlýsinga um eignarrétt og telur þær gerðar eftir á og til þess eins fallnar að koma í veg fyrir framgang fullnustu á kröfum varnaraðila á hendur eiginmanni hennar. Enn fremur telur varnaraðili, að bæklingur um málverkasýningu og ljósmyndir, sem lagðar hafa verið fram í málinu, sanni á engan hátt, að tilgreindir munir séu séreign sóknaraðila, þar sem sönnunargildi skorti, en sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi margreynt að koma eignum sínum undan aðför og fullnustu á þeim tíma, sem liðinn sé, frá því að krafan varð til.

Sérstaklega er mótmælt, að 36. gr. laga nr. 90/1989 um aðför eigi hér við. Þá var mótmælt af hálfu varnaraðila við munnlegan málflutning nýjum málsástæðum sóknaraðila um fyrningu og endurupptöku, bæði sem of seint fram komnum og efnislega.

IV.

Hin umdeilda fjárnámsgerð fór fram til endurupptöku á fjárnámi frá 7. mars 1985, svo sem áður er lýst. Beindist fjárnámið að eiginmanni sóknaraðila, Júlíusi P. Guðjónssyni. Telur sóknaraðili sig eiga muni þá, sem fjárnám var gert í greint sinn, og vísast um aðild hennar að máli þessu til 28. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Með því að nauðungaruppboð á bifreiðinni R-1323 fór fram árið 1987 og uppboðsandvirði hrökk einungis til greiðslu á kröfu varnaraðila að hluta til, var fullnægt skilyrðum fyrir endurupptöku umrædds fjárnáms samkvæmt 105. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1887. Þá verður að telja, að miðað við gögn málsins sé umrædd krafa varnaraðila á hendur Júlíusi P. Guðjónssyni ekki fyrnd samkvæmt 6. gr., sbr. 1. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nema að hluta til, hvað vexti varðar, sbr. 2. tl. 3. gr. s. l., vegna greiðslu inn á kröfuna í framhaldi af nauðungaruppboði á bifreiðinni á árinu 1987, sem líta verður á sem viðurkenningu á kröfunni, og að með innborguninni hafi fyrningarfrestur því verið rofinn.

Verður nú tekin afstaða til hvers fjárnámsandlags um sig.

1-2. Olíumálverk af Vífilfelli frá 1979 eftir Pétur Friðrik og olíumálverk, blómauppstilling, eftir sama málara. Sóknaraðili heldur því fram, að systir sín, Jóhanna Gunnarsdóttir, hafi gefið sér þessi málverk sem dánargjöf. Fyrir dóminn hefur komið Gunnar Gunnarsson, sonur Jóhönnu heitinnar, og borið, að hann hafi verið einkaerfingi móður sinnar og haft um það fyrirmæli, að eftir hennar dag skyldi systir hennar, sóknaraðili, eignast ofangreind málverk.

Á það hafa eigi verið bornar brigður af hálfu varnaraðila, að ofangreind systir sóknaraðila hafi átt umrædd málverk og að nefndur systursonur sóknaraðila hafi verið einkaerfingi hennar. Þegar það er virt, að framburður vitnisins er andstæður hagsmunum þess, hvað varðar eignarrétt að málverkunum í skjóli erfðaréttar, þykir því ekki verða hafnað þrátt fyrir tengsl ofangreinds vitnis og sóknaraðila, að sóknaraðili sé kominn að ofangreindum málverkum með þeim hætti, sem vitnið ber um, og verði því að telja þær til hjúskapareignar sóknaraðila.

3. Olíumálverk, landslagsmynd, eftir Pétur Friðrik. Sóknaraðili heldur því fram, að eiginmaður sinn hafi keypt málverk þetta á málverkauppboði árið 1966 og það því fallið í skaut sóknaraðila samkvæmt nefndum kaupmála.

Í 2. gr. kaupmálans kemur fram, að allur húsbúnaður á heimili þeirra hjóna, sem þá var metinn á 1.000.000 kr., skyldi vera séreign sóknaraðila. Í kaupmálanum er ekki gerð grein fyrir þeim húsbúnaði, sem kaupmálinn tekur til, en leggja verður þann almenna skilning í hugtakið „húsbúnaður“, að átt sé við innanstokksmuni, þ. á m. húsgögn og venjuleg málverk. Hefur varnaraðili ekki sýnt fram á, að verðgildi málverks þessa sé meira en svo, að það geti talist til húsbúnaðar hvers látlauss heimilis. Er það því niðurstaða dómsins, að málverk þetta falli undir skilgreininguna „húsbúnaður“ samkvæmt nefndum kaupmála og teljist því séreign sóknaraðila.

4-5. Landslagsmyndir eftir I. K. Jónsson. Vitnið Ólafur Gunnarsson, bróðir sóknaraðila, hefur í skýrslu sinni fyrir dómi borið, að faðir þeirra systkina hafi gefið sóknaraðila myndir þessar í ágúst 1986, er hann hafi brugðið búi, og mælt svo fyrir, að þær yrðu séreign sóknaraðila. Vegna skyldleika ofangreinds vitnis og sóknaraðila þykir eigi fært að leggja framburð vitnisins um eignarrétt sóknaraðila á nefndum málverkum til grundvallar um eignarrétt að ofangreindum landslagsmyndum. Á hinn bóginn þykir varnaraðili ekki hafa leitt líkur að því, að verðmæti myndanna sé slíkt, að þær séu ekki undanþegnar fjárnámsbanni 1. mgr. 43. gr. aðfararlaga, og verður þess vegna gert ráð fyrir því, að svo sé.

6. Olíumálverk af rekaviði eftir Baltasar. Sóknaraðili heldur því fram, að þau hjónin hafi keypt málverk þetta, Skagatá, á sýningu málarsins árið 1974 og það því fallið í skaut sóknaraðila samkvæmt umræddum kaupmála. Því til sönnunar hefur sóknaraðili lagt fram sýningarskrá og yfirlýsingu málarsins, dagsetta 13. nóvember sl., þar sem staðfest er, að málverkið hafi verið selt þeim hjónum á sýningu listamannsins á Kjarvalsstöðum 2. mars 1974.

Samkvæmt ofanskráðu og að öðru leyti með vísan til umfjöllunar um 3. tl. hér að ofan þykir sóknaraðili hafa sýnt fram á með fullnægjandi hætti, að málverk þetta sé séreign hennar samkvæmt fyrrnefndum kaupmála.

7. Wolfram-píanó. Sóknaraðili fullyrðir, að faðir sinn, Gunnar Ólafsson, hafi keypt píanó þetta árið 1967 og gefið sér. Fyrir dóminn hefur komið Gunnar Helgason hrl. og staðfest, að hann hafi aðstoðað föður sinn, Helga Hallgrímsson, sem nú sé látinn, við sölu á ofangreindu píanói til föður sóknaraðila, og þar sem vitnið hafi þekkt föður sóknaraðila mjög vel, sé því kunnugt um, að hann hafi gefið það dóttur sinni, sóknaraðila í máli þessu.

Engin ástæða þykir til að efast um sannleiksgildi ofangreinds vættis Gunnars Helgasonar hrl., og ber samkvæmt því að telja píanóið til hjúskapareignar sóknaraðila.

Engin virðing fór fram á ofangreindum lausafjármunum við fjárnámið, og liggur því ekkert fyrir um, að verðgildi þeirra sé meira en svo, að þeir geti talist til venjulegs húsbúnaðar látlauss heimilis. Var því einnig af þessum sökum óheimilt að gera fjárnám í umræddum lausafjármunum samkvæmt 1. mgr. 43. gr. aðfararlaga. Að auki verður að telja, að málverkin undir tl. 1-2 og píanóið í 7. tl. hér að ofan séu undanþæg fjárnámi samkvæmt meginreglu 1. tl. 2. mgr. 43. gr. nefndra laga, enda telst varnaraðili samkvæmt framansögðu ekki hafa sýnt fram á, að verðgildi þessara muna sé slíkt, að undanþáguregla þessi sé ósanngjörn gagnvart honum.

Samkvæmt framansögðu ber að ógilda fjárnámsgerð þá, er fram fór í

ofangreindum lausafjármunum á heimili sóknaraðila 14. ágúst 1995 að kröfu lögmanns varnaraðila, og dæma varnaraðila til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 kr.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fjárnámssgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1995/08123, sem fram fór á heimili sóknaraðila, Elísabetar Gunnarsdóttur, að Kvistalandi 19, Reykjavík, 14. ágúst 1995, er ógilt.

Varnaraðili, Kreditkort hf., greiði sóknaraðila 50.000 kr. í málskostnað.
